

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 3 tbl. 24. árgangur 2019

Frá formanni

Kæru félagar í FÁT, nú er komið haust. Við erum að taka fram járnin á ný og hefjast handa. Vonandi hafið þið öll átt gott sumar.

Við enduðum síðasta vetur á velheppnaðri vorsýningu sem var haldin í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins að Nethyl dagana 13. og 14. apríl. Það var góð þátttaka tréskerar sem tóku þátt í sýningunni. Hún var vel heppnuð í alla staði og vil ég þakka öllum þátttakendum og einnig þeim sem komu og skoðuðu listgripina á sýningunni. Það var mjög skemmtilegur þverskurður af listaverkum, stórum sem smáum á sýningunni þetta árið.

Stjórnin er að skipuleggja vetrarastarfið sem verður með svipuðu sniði og síðastliðinn vetur. Aðalfundur verður haldinn í 15. febrúar og vorsýning 18 - 19 apríl. Opnu húsin dreifast á veturinn.

Dagsskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Vonast ég til að sjá sem allra flesta taka þátt í starfinu með okkur í vetur.

Kærar kveðjur,

Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

Vorsýning félagsins 2019 inn í Nethyl – Heimilisiðnaðarfélaginu.

Bjarni Þór Kristjánsson



Það eru fáir sem ekki kannast við Bjarna Þór. Hann byrjaði að skera út þegar hann var 16 ára gamall og er jafnframt einn af stofnendum FÁT. Hann hefur tekið þátt í öllum sýningum á vegum félagsins. Bjarni Þór er smíðakennari að mennt og atvinnu. Hann fæst jöfnum höndum við tálgun og útskurð í frístundum og er með vinnustofu í bílskúrnum. Einnig hefur Bjarni Þór kennt tálgun og brýningu á fjölmörgum námskeiðum. Sjálfur hefur hann tekið þátt í námskeiðum hjá Norbury og

Romerio. Bjarni Þór var með mikið af verkum eftir sig og tálgaði á staðnum. Alltaf gaman að sjá listaverk í mótun hjá þessum snillingi.



Gylfi Theodórsson



Gylfi byrjaði að skera út árið 2011. Hann fór á námskeið í Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar lærði útskurð undir handleiðslu Ingibjargar Hannesdóttur og hefur einnig sótt námskeið hjá Friðgeiri Guðmundssyni. Gylfi var með nokkur verk á sýningunni, fugla, tálgaðan kall og þrjár lágmyndir. Gylfi hefur tekið þátt í nokkrum sýningum m.a. sýningum hjá FÁT og unnið sem leiðbeinandi. Gylfi vinnur verk sín heima fyrir.



Hjörtur Árnason



Hjörtur er búinn að skera út í nokkur ár. Hjörtur hefur m.a. sótt námskeið hjá Ólafi Oddsyni, Lesið í Skóginn og tálgað í tré, námskeið í brýningu hjá Bjarna Þór og helgarnámskeið í útskurði hjá Jón Adólf.

Hjörtur var með þrjú verk á sýningunni. Þetta er þriðja sýning Hjartar en hann tók fyrst þátt í Vorsýningu FÁT 2016. Áhugi Hjartar hófst er hann fylgdist með tréútskurði föður síns. Hjörtur er með vinnuaðstöðu í bílskúr heima hjá sér.



Lágmyndin er sameiginlegt verkefni Hjartar og Árna Fals heitins, faðir Hjartar.

Liljan og stór reykingamaðurinn (surturinn) er skorið út úr Birki úr garðinum heima. Það er skemmtilegt ef maður nær í nægilega sveran bol, Birki eða Reynir, kljúfa hann til helminga og byrja að skera út lágmynd eins og t.d. liljuna. Það var verulega skemmtilegt að skera út Liljuna og sjá hana lifna við inni í viðnum.

Júlíus Ágúst Guðmundsson



Júlíus Ágúst mætti með fjöldan af verkum á sýninguna, stóran seiðkarl (tæpir tveir metrar) og jólasveina.

Hann hefur sótt fjölda námskeiða m.a. hjá Jóni Adólf og námskeið í brýningu hjá Bjarna Þór. Júlíus er mikill tálgari og hefur náð góðri tækni. Hann hefur tekið þátt í sýningum hjá Jóni Adólf og einnig á vegum FÁT. Júlíus er með vinnuaðstöðu heima hjá sér.



Ingólfur Sigurjónsson



Ingólfur hefur sótt nokkur námskeið meðal annars tréhögg hjá Hannesi Lárussyni í Myndlistarskólanum í Reykjavík 1999.

Teikninámskeið hjá Elsu Þóru Eggertsdóttur (hún er með sveinspróf frá Hjerleid í Noregi) 2001.

Tréskurðarnámskeið hjá Erni Sigurðssyni 2001.

Tréskurðarnámskeið hjá Elsu Þóru Eggertsdóttur 2002.

Var í vikutíma hjá OH Boyd í Lincolnshire Englandi og lærði undirstöðu í portrait bust útskurði. 2004.

Hefur tekið þátt í þó nokkrum sýningum á vegum FÁT.

Áhugi Ingólfs er núna aðallega í fugla útskurði. Eiginkona Ingólfs, Sigurlín er líka listræn og samdi hún ljóðið á lestrarbrettinu.

Svohljóðandi:

Ef úti er regn og rokið kalt
er ráð að setjast niður
Gæðabók þú grípa skalt
góður telst sá siður.

Ef býsna stór sú bókin er
svo blöðum varla fletti
snilldarlausnin snýr að þér
snoturt lestrar bretti



Magnús Steingrímsson



Magnús byrjaði að skera út árið 2009. Hann er víða að vinna verkin sín, heima og heiman. Hann hefur tekið þátt í sýningum hjá Viðarvinir í Hafnarfirði og á Álfagrandu. Magnús er afkastamikill tálgari og nýtir sér efnisviðinn til hins ýtrasta. Mikið af verkum sínum gefur hann til góðgerðastofnana sem nýta sér það til fjáröflunar.



Páll Steinþórsson



Páll sýndi eitt verk eftir sig á sýningunni, lágmynd af „Jóni Forseta“ tálgað í linditré.

Hann lærði útskurð hjá Hannesi Flosasyni og Jóni Adólf. Hann hefur tekið þátt í sýningum hjá Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar og núna hjá FÁT. Páll hefur verið að skera út síðan 1983.



Þorsteinn Kristinsson

Þorsteinn byrjaði að skera út árið 2012. Hann fór á námskeið hjá Stefáni Hauki Erlingssyni. Hann hefur tekið þátt í tveimur Vorsýningum hjá FÁT. Í fyrra mætti Þorsteinn með hann Gosa en núna kom hann með samviskuna hans engisprettuna Jiminy. Þorsteinn vinnur verkin sín aðallega heima fyrir og á námskeiðum en hann hefur sótt námskeið hjá Stefáni Erlingssyni síðastliðin fjögur ár.



Myndin til hægri:
Þorsteinn með Gosa

Dóri Magg

Dóri var með mikið af tálguðum köllum. Þar var þemað greinilega veiðimennskan, grín og glens. Mjög skemmtileg verk og vel unnin hjá Dóra. Þetta er í fyrsta skiptið sem Dóri sýnir verkin sín og gerði það með glans og glæsibrag.



Donald Ingólfsson

Donald hefur skorið út í fjölda mörg ár. Að þessu sinni kom hann með tvær skemmtilegar lágmyndir á sýninguna. Donald var lengi vel í stjórn FÁT.



Willy Peterson

Willy hefur verið að skera út í 7 ár. Hann er aðallega að vinna verk sín að Norðurbrún 1. Hann hefur tekið þátt í nokkrum námsskeiðum m.a. hjá Erni Sigurðssyni. Willy kom með nokkra hluti á sýninguna, m.a. klukku, spegil og skemmtilega útskorin verk.



Sigurjón Gunnarsson



Sigurjón hefur stundað tréskurð í yfir tuttugu ár, eða allt frá því hann tók öll námskeið sem í boði voru, sjö talsins, í Trélistaskóla Hannesar Flosasonar. Þá hefur hann setið í stjórn og var formaður Félags áhugamanna um tréskurð til margra ára. Sigurjón var með nokkur verk á sýningunni, m.a. þennan fagra kistil. Sigurjón hefur gefið út upplýsinga- og fróðleiksbókina Tréskurður.



Myndir frá vorsýningunni 2019.





Dagskrá vetrar 2019 - 2020

Dagskrá vetrarins 2019 – 2020

- 19.10.2019** Ferð á Selfoss Handverk listamanna skoðuð á Selfossi, hjá þeim Úlfari Sveinbjörnssyni og Brynju Hamskera frá kl. 10 – 16. Safnast saman í rútu við Heimilisiðnaðarfélagið Nethyl 2E, kl. 10
- 16.11.2019** Einar Jónsson. Skoðunarferð í Listasafn Einars Jónssonar frá kl. 10 – 12
- 18.1.2020** Arngrímur Sigurðsson Opið hús hjá Arngrími Sigurðssyni listamanni, kl. 10 – 12
Frekari upplýsingar síðar á heimasíðu félagsins www.treskurdur.is
- 15.2.2020** Aðalfundur FÁT Heimilisiðnaðarfélagið, Nethyl 2E, kl. 10 – 12
- 21.3.2020** Ingólfur Sigurjónsson Opin hús hjá Ingólfi Sigurjónssyni kl. 10 – 12
Frekari upplýsingar síðar á heimasíðu félagsins www.treskurdur.is
- 18 - 19.4 2020** Vorsýning FÁT Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2E, kl 13-17 báða daganna.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is
Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

Stjórn FÁT



Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur